



## Erindisbréf bæjarráðs

### 1. gr.

#### Stjórnskipuleg staða

Bæjarráð heyrir undir bæjarstjórn. Bæjarráð starfar á stjórnslu- og fjármálasviði.

Bæjarstjóri starfar með bæjarráði. Bæjarstjóri á sæti í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt en atkvæðisrétt hefur hann því aðeins að hann sé bæjarfulltrúi og kjörinn í bæjarráð.

### 2. gr.

#### Skipan nefndarinnar

Bæjarstjórn kýs þrjú bæjarfulltrúa og þrjú til vara, skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 og 27. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Kjósa skal í bæjarráð á fyrsta fundi nýkjörinnar bæjarstjórnar og síðan árlega í júní ár hvert. Bæjarstjórn kýs formann og varamann bæjarráðs.

Framboðsaðila sem fulltrúa á í bæjarstjórn en hefur ekki fengið kjörinn bæjarráðsmann er heimilt að tilnefna áheyrnarfulltrúa til setu í bæjarráði. Skylt er bæjarstjórn að gefa fulltrúa flokks/framboðsaðila sem sæti á í bæjarstjórn kost á setu í bæjarráði með málfrelsi og tillögurétt þann tíma sem fundir bæjarstjórnar falla niður vegna sumarleyfa. Áheyrnarfulltrúi og varaáheyrnarfulltrúi í bæjarráði skulu vera aðalmenn í bæjarstjórn, sbr. 3. mgr. 50. gr. sveitarstjórnarlaga, að undanskildum tilvikum sem geta fallið undir 2. mgr. 27. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar.

### 3. gr.

#### Hlutverk og verkefni

Bæjarráð fer, ásamt bæjarstjóra, með framkvæmdastjórn sveitarfélagsins og fjármálastjórn að því leyti sem slík stjórn er ekki öðrum falin.

Bæjarráð hefur umsjón með stjórnslu sveitarfélagsins, undirbúningi árlegrar fjárhagsáætlunar, semur drög að fjárhagsáætlun bæjarsjóðs og stofnana hans og fyrirtækja, að fengnum tillögum hlutaðeigandi nefnda og stjórna, og leggur þau fyrir bæjarstjórn í samræmi við ákvæði sveitarstjórnarlaga.

Þá sér bæjarráð um að ársreikningar bæjarsjóðs séu samdir og að þeir, ásamt ársreikningum stofnana og fyrirtækja sveitarfélagsins, verði lagðir fyrir bæjarstjórn til afgreiðslu svo sem sveitarstjórnarlög mæla fyrir um.

Bæjarráð ákveður skiptingu og ráðstöfun fjár sem ætlað er til einstakra málaflokka samkvæmt fjárhagsáætlun, svo sem til gatnagerðar, nýbygginga og óvissra útgjalda. Vald til fullnaðar-afgreiðslu máls getur aldrei falið í sér vald til töku ákvörðunar sem gengur gegn fjárhagsáætlun eða öðrum almennum og bindandi reglum eða áætlunum sem bæjarstjórn hefur sett.

Meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar stendur fer bæjarráð með sömu heimildir og bæjarstjórn hefur ella.

### 4. gr.

## **Starfshættir**

Um starfshætti bæjarráðs, fundi, ályktunarhæfi og atkvæðagreiðslur gilda ákvæði III. kafla samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar.

Bæjarráð kemur saman fyrir luktum dyrum, að jafnaði vikulega. Aukafundi skal halda ef bæjarstjóri, formaður bæjarráðs, eða a.m.k. tveir bæjarráðsmenn óska þess.

Bæjarritari er ritari bæjarráðs, en bæjarráð getur auk þess ráðið sér fundarritara utan bæjarráðs í hans forföllum. Um ritun fundargerða gilda sömu reglur og um ritun fundargerða bæjarstjórnar, sbr. ákvæði í 16. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar.

Formaður sér um boðun funda í samráði við bæjarstjóra og bæjarritara. Fundarboðun skal vera með tölvupósti og tilgreina fundarstað, tíma og dagskrá. Fundarboð ásamt gögnum sem fyrir liggja um þau mál sem taka á fyrir skal sent fulltrúum og öðrum sem seturétt hafa á fundum eigi síðar en einum sólarhring fyrir fund.

Formaður stýrir fundum nefndarinnar og sér um að allt fari löglega fram á fundum þess. Hann úrskurðar í ágreiningsmálum sem upp kunna að koma út af fundarsköpum, en bera má úrskurði hans undir bæjarráð. Heimilt er að taka mál til meðferðar í bæjarráði þótt ekki sé það tilgreint í dagskrá. Þó er skylt að fresta afgreiðslu slíks máls ef einhver bæjarfulltrúi óskar þess.

Fundur telst ályktunarhæfur ef meirihluti nefndarinnar er mættur á fundi. Í atkvæðagreiðslu ræður afl atkvæða. Mál telst fallið í atkvæðagreiðslu ef atkvæði falla að jöfnu.

### **5. gr.**

#### **Afgreiðsla mála**

Bæjarráð gerir tillögur til bæjarstjórnar um afgreiðslu einstakra mála sem það fær til meðferðar. Bæjarráði er þó heimil fullnaðarafgreiðsla mála sem ekki varða verulega fjárhag bæjarsjóðs eða stofnana hans, enda sé ekki ágreiningur milli bæjarráðsmanna eða við bæjarstjóra um slíka afgreiðslu.

Fullnaðarafgreiðsla mála í bæjaráði er afgreitt með því að samþykkja það eða fella, vísa frá eða vísa því til afgreiðslu ráðs eða bæjarstjóra. Ráðið getur vísað málum til umsagnar annarra ráða, fagnefnda eða bæjarstjóra. Bæjarráði er heimilt að fresta afgreiðslu máls nema lög kveði á um að það skuli afgreitt fyrir tiltekinn tíma

Fulltrúi bæjarráðs á rétt á því að fá bókaða stutta athugasemd um afstöðu sína til máls sem er til meðferðar hjá ráðinu. Heimilt er að hafa bókanir lengri þegar fjallað er um frumvarp að fjárhagsáætlun og ársreikninga.

Fullnaðarákvarðanir sem teknar hafa verið sæta ekki eiginlegu málskoti innan stjórnarsýslu sveitarfélagsins, heldur getur aðili máls átt rétt á endurupptöku ákvörðunar, sbr. 24. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993. Ef óskað er endurupptöku máls sem bæjarráð hefur afgreitt, sbr. 3. mgr. 32. gr., skal leggja það fyrir bæjarstjórn til endanlegrar afgreiðslu.

### **6. gr**

#### **Réttindi og skyldur**

Um réttindi og skyldur fulltrúa í bæjarráði gilda ákvæði sveitarstjórnarlaga og IV. kafla samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar.

Fulltrúa er skylt að sækja fundi nema lögsmæt forföll hamli. Fulltrúa er skylt að boða varmann í forföllum sínum og tilkynna það bæjarstjóra eða bæjarritara. Heimilt að taka þátt í fundi með rafrænum hætti, séu fulltrúi staddir í sveitarfélaginu Ísafjarðarbæ eða í erindagjörðum innanlands á vegum þess. Fer um framkvæmd slíkra funda skv. leiðbeiningum ráðuneytis sveitarstjórnarmála, sbr. 2. mgr. 19. gr. sveitarstjórnarlaga

Hver fulltrúi á rétt á að koma máli á dagskrá fundar, enda skilar hann efni þess til bæjarritara fyrir fundarboðun.

Fulltrúar í bæjarráði skulu hafa hag bæjarfélagsins að leiðarljósi við störf sín í nefndinni, en eru ekki bundnir af öðru en sannfæringu sinni, lögum og samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar í atkvæðagreiðslu um málefni á vegum nefndarinnar.

Fulltrúar eru bundnir þagnarskyldu vegna mála, sem þeir fá vitneskju um í starfi sínu fyrir nefndina og ætla má að leynt eigi að fara skv. eðli máls eða lögum, hvort sem þau varða einka- eða almannahagsmuni. Þagnarskylda helst óbreytt þótt menn hætti setu í nefndinni eða láti af störfum á hennar vegum.

Fulltrúi skal víkja af fundi við umræður og afgreiðslu mála sem varða hann sjálfan, skyldmenni hans eða nánustu venslamenn svo sérstaklega að almennt má ætla að viljaafstaða hans mótist að einhverju leyti þar af. Honum er þó heimilt að gera stuttlega grein fyrir afstöðu sinni áður en hann víkur af fundi.

## **7. gr.**

### **Lög og reglugerðir**

Í störfum sínum skal bæjarráð taka mið af þeim lögum og reglugerðum, sem um starfssvið þess gilda hverju sinni.

Þá skal bæjarráð fylgja samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar eins og hún er hverju sinni og svo og ákvæði sveitarstjórnarlaga.

## **8. gr.**

### **Gildistaka**

Erindisbréf þetta byggist á ákvæðum sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011 um verkefni sveitarfélaga og starfsemi nefnda á þeirra vegum, stjórnarsýslulögum nr. 37/1993, og samþykkt um stjórn Ísafjarðarbæjar og fundarsköp bæjarstjórnar.

Erindisbréf þetta var samþykkt í bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar þann 20. júní 2022 með vísan til 48. gr. samþykktar um stjórn Ísafjarðarbæjar og tekur þegar gildi. Gildir erindisbréf þetta þar til annað kann að vera ákveðið.

Ísafirði, 20. júní 2022

Arna Lára Jónsdóttir, bæjarstjóri